



## Endurupptökudómur

Úrskurður mánudaginn 5. júlí 2021 í máli nr. 12/2021

### Endurupptökubeiðni Tómasar Ísleifssonar

1. Dómararnir Aðalsteinn E. Jónasson, Eiríkur Elís Þorláksson og Jóhannes Karl Sveinsson kveða upp úrskurð í máli þessu.
2. Með beiðni sem barst Endurupptökudómi 10. desember 2020 fór endurupptökubeiðandi fram á endurupptöku á dómi Hæstaréttar 2. október 2008 í máli nr. 610/2007.

### Málsatvik

3. Í máli sem höfðað var í nóvember 2006 fyrir Héraðsdómi Suðurlands kröfðust endurupptökubeiðandi og Sigrún Ragnheiður Ragnarsdóttir þess að viðurkennt yrði með dómi að eignarhlutdeild þeirra sem þáverandi eigenda Ytri-Sólheima 3 væri 25% alls óskipts lands og landsnytja í jarðartorfunni að Ytri-Sólheimum.
4. Varðaði ágreiningur málsins hlutdeild jarðanna Ytri-Sólheima 1, 2, 3, 3a og 4, Framness, Sólheimahjáleigu og Sólheimatungu í óskiptu landi svokallaðrar Sólheimatorfu og voru stefndu í málinu eigendur annarra jarða en Ytri-Sólheima 3. Reisti endurupptökubeiðandi kröfu sína einkum á því að sýnt væri fram á að undir Ytri-Sólheima 3 hefði um langan aldur verið talið falla fyrrgreint hlutfall alls lands á Sólheimatorfu en þetta hefði meðal annars mátt ráða af dýrleika jarðarinnar og allrar torfunnar til hundraða að fornu mati samkvæmt ýmsum heimildum sem lagðar voru fram í málinu. Byggði endurupptökubeiðandi á því að ákvæði landskiptalaga nr. 46/1941 gætu ekki breytt því að hlutföll, sem ættu sér stoð í slíkum heimildum, yrðu lögð til grundvallar.
5. Með dómi Héraðsdóms Suðurlands 27. september 2007 voru stefndu sýknuð af kröfum endurupptökubeiðanda. Var dómi héraðsdóms áfrýjað til Hæstaréttar sem staðfesti dóm héraðsdóms með fyrrgreindum dómi 2. október 2008 í máli nr. 610/2007. Í dómi Hæstaréttar er vísað til þess að samkvæmt 1. mgr. 2. gr. landskiptalaga gildi sú aðalregla að skipta skuli sameign, sem lögin tækju til eftir ákvæðum 1. gr. þeirra, eftir jarðamati frá 1861, þar sem því yrði við komið, en væru tvær eða fleiri jarðir metnar þar í einu lagi og aðgreint mat væri að finna í jarðatali Johnsens frá 1847 skyldi það lagt til grundvallar, sbr. 2. mgr. 2. gr. laganna. Að þessum kostum frágengnum yrði lagt til grundvallar mat samkvæmt fasteignabók frá 1922 eða síðari fasteignabókum, en þó þannig að alltaf yrði notað elsta matið, sem við yrði komið, sbr. 3. mgr. sömu lagagreinar. Með 4. mgr. hennar væri að auki heimilað að leggja til

grundvallar önnur eignarhlutföll en leiddu af framangreindu ef þau hefðu gilt manna á meðal í minnst 20 ár og allir eigendur samþykktu að þau héldust. Taldi Hæstiréttur að af lögskýringargögnum landskiptalaga væri ljóst að þessi fyrirmæli hefðu verið sett til að leggja grunn að eignarhlutföllum við landskipti og þætti „sjálfsagt að lögákveða skiptahlutföll jarða eftir jarðamatinu frá 1861, þar sem því verður við komið, enda verður ekki komið nær hinu rétta á annan hátt“, svo sem hefði komið fram í athugasemdum við frumvarp til landskiptalaga. Taldi Hæstiréttur að ekki yrði annað ráðið en að löggjafinn hefði með þessu talið áreiðanleika eldri heimilda en þeirra, sem um geti í 2. gr. landskiptalaga, orka svo tvímælis að ekki væri fært að styðjast við þær í þessum efnum. Vísaði rétturinn til þess að í máli endurupptökubeiðanda hefði háttað svo til að eldri heimildir um dýrleika Ytri-Sólheimajarða samanlagðra sýndust misvísandi, enda hefði verið gerð sú athugasemd um þetta efni í áðurnefndu jarðatali frá 1847 að „1806 er jörð þessi (hálf bænda eign og hálf eign kirkjunnar) talin aðeins 100 h., og hjáleigan sér 7 6/12 h.; sýslumaður þar á móti telur alla jörðina 100 h., en í jarðabókunum (enum eldri, 1760) er hún sögð 120 1/6 h.“ Yrði því ekki annað séð en að þær forsendur, sem ákvæði 2. gr. landskiptalaga hefðu verið reist á samkvæmt framansögðu, ættu meðal annars við óskipt land Ytri-Sólheimajarða. Með því að endurupptökubeiðandi hefði ekki sýnt fram á að skilyrði væru til að beita fyrirmælum 4. mgr. 2. gr. landskiptalaga við úrlausn málsins yrði hinn áfrýjaði dómur, að gerðum þessum athugasemdum, staðfestur með vísan til forsendna hans.

## Rökstuðningur endurupptökubeiðanda

6. Endurupptökubeiðandi vísar til 193. gr., sbr. 191. gr., laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og byggir á því að gögn sem beiðnin sé reist á sanni að sterkar líkur séu á að málsatvik hafi ekki verið leidd réttilega í ljós þegar málið var til meðferðar fyrir dómi og að honum sé ekki um það að kenna. Jafnframt byggir hann á því að sterkar líkur séu á að ný gögn muni leiða til breyttrar niðurstöðu í mikilvægum atriðum. Byggir hann á því að málið varði stórfellda hagsmuni hans þar sem um aleigu hans hafi verið að ræða. Í beiðninni kemur fram að endurupptökubeiðandi sé ekki lengur eigandi jarðarinnar Ytri-Sólheimar 3 en hún hafi verið seld nauðungarsölu árið 2015.

7. Í endurupptökubeiðni eru meðal annars raktar 28 heimildir sem endurupptökubeiðandi tilgreinir um dýrleika Sólheimatorfu og renna eiga stoðum undir beiðni um endurupptöku. Þar á meðal eru alls 14 heimildir sem hann tilgreinir sérstaklega sem nýjar heimildir en fram kemur að aðrar heimildir sem hann vísar til hafi legið fyrir við meðferð málsins fyrir dómi. Þær heimildir sem tilgreindar eru sem nýjar eru: Máldagi Odds biskups 1593, „Norsk sending“ frá 1597, Vísitasía Brynjólfs biskups 3. október 1648, Vísitasía Brynjólfs biskups 28. september 1660, Vísitasía Brynjólfs biskups 18. september 1669, Vísitasía Þórðar biskups 27. september 1677, Jarðabók konungsvalds 1686, Jarðabók 1695, „handrit“ frá 1720, Vísitasía Jóns Árnasonar 20. júní 1724, Vísitasía Jóns Árnasonar 30. júní 1741, Jarða- og bændatal 1753, skýrsla Lýðs sýslumanns Guðmundssonar á Dyrhólaþingi 10. nóvember 1759 og Jarðabók 1844. Í beiðninni